

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/790**

2022/EES/72/63

frá 19. maí 2022

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Eftir að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1199 ⁽²⁾ var samþykkt fannst villa í tékknesku og sænsku tungumálaútgáfunni, í b-lið 1. liðar í viðaukanum við þá reglugerð. Sá liður, þar sem sett er fram skilgreiningin á heitinu „starfræksla á hafi úti“, kom í stað 86. liðar í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ⁽³⁾ Villan hefur áhrif á efni þess ákvæðis.
- 2) Því ætti að leiðrétta tékknesku og sænsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 141, 20.5.2022, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 262/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8. 2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1199 frá 22. júlí 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar samþykki fyrir starfrækslu sem byggist á hæfisbundinni leiðsögu, vottun og umsjón með veitendum gagnþjónustu og starfrækslu þyrlu á hafi úti, og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar (Stjtið. ESB L 198, 23.7.2016, bls. 13).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. maí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
